



Þrátt fyrir vætu um helgina sótti fjöldi manns Kótelettuna, grill- og tónlistarhátíð, um helgina á Selfossi. Fjölbreytt dagskrá var alla helgina þar sem mæt-gæðingar og tónlistarunnendur gátu fundið eitthvað við sitt hæfi. Á meðfylgjandi mynd má sjá þá VÆB-bræður í góðum gir ásamt gestum á hátíðarsvæði grill-hátíðarinnar. Mynd: Kótelettan/Mummi Lú.



Magdalena og Albert klúbb-meistarar Golf-klúbbsins Flúða



„Selfoss á skilið sína eigin blúshátíð“

First Water gerir 700 milljóna króna samning



Mynd: First Water.

First Water hefur gert samning við norska fyrirtækið Overhalla Betongbygg um framleiðslu og afhendingu á forsteyptum einingum fyrir átta ný eldisker við landeldisstöð félagsins á Laxabraut í Þorlákshöfn. Samningurinn hljóðar upp á 55 milljónir norskra króna, jafnvirði um 700 milljóna íslenskra króna.

Eldiskerinn verður 28 metrar í þvermál og 9,5 metrar á hæð. Hvert þeirra rúmar um 5.600 rúmmetra af vatni. Alls verða um 4.300 tonn af forsteyptum einingum framleidd í verk-smiðju Overhalla Betongbygg

í Namdalen í Noregi og flutt til Íslands. Gert er ráð fyrir að afhending hefjist snemma árs 2027.

Nýju kerin eru síðasti hluti fyrsta áfanga uppbyggingar First Water í Þorlákshöfn. Þegar framkvæmdum við áfangann lýkur mun árleg framleiðslugeta félagsins tvöfaldast, úr 5.000 tonnnum í 10.000 tonn af laxi.

Uppbygging eldisstöðvarinnar er fyrirhuguð í sex áföngum. Samkvæmt áætlunum First Water gæti árleg framleiðslugeta stöðvarinnar numið um 60.000 tonnnum þegar hún verður fullbyggð.

„Þetta er samningur sem við erum stolt af. Verkefni af þessu tagi eru mjög mikilvæg fyrir áframhaldandi þróun fyrirtækisins,“ segir Arnt Ove Amdal, framkvæmdastjóri Overhalla Betongbygg.

First Water stundar landeldi á laxi í Þorlákshöfn og notar blandað gegnumstreymiskerfi þar sem hreinn jarðsjór, sem síast hefur í gegnum hraunlög, er nýttur við eldið. Félagið vinnur laxinn jafnframt í eigin vinnslustöð í Þorlákshöfn og er framleiðslan seld á markaði í Evrópu og Bandaríkjunum.

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA bZ4X TOURING

FORSALA
ER HAFIN



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000

Toyota
Selfossi

Ætlar að njóta þriðja æviskeiðsins

Ólöf Jónsdóttir hefur starfað í Sundlauginni Laugaskarði frá árinu 2005 fyrst sem almennur starfsmaður og síðar forstöðumaður. Ýmislegt hefur á dagana drifið á 21 ári í Laugaskarði og stiklar hún hér á stóru í samtali um ferilinn. Ólöf lét af störfum nú um mánaðamótin og ætlar sér að njóta þriðja æviskeiðsins með ýmsum hætti.

Ólöf hóf störf í Sundlauginni Laugaskarði árið 2005, eftir að þau hjónin hættu rekstri garðyrkjustöðvarinnar Akurs svo hún hefur starfað þar samfleytt í 21 ár. Hún segir margt hafa breyst á þessum tíma. „Húsið var eins en allt öðruvísi innréttað. Afgreiðslan var í litlu búi beint á móti inngangnum og starfsmannaaðstaðan lítil en með skápum fyrir starfsfólk og sjúkrabekk,“ segir Ólöf. Hún bætir því við að stór líkamsræktarsalur hafi verið þar sem starfsmannarýmið er í dag. Þar hafi hlaupabrettin og líkamsræktartækin verið sem eru hinum megin á hæðinni núna. „Vestan megin var salur fyrir tíma í alls konar líkamsræktar-

tíma svo sem eróbik, pílates, karlaprek, morgunpúl og fleira. Það var mjög skemmtilegt en það dofnaði yfir öllu þegar þetta hætti,“ segir Ólöf og rifjar upp að breyting hafi orðið þegar efri hæðin var tekin í gegn árið 2017.

Alltaf gaman í vinnunni

Þó breytingar verið gerðar á húsnaðinu og fleiru á tíma Ólafar þar þá segir hún alltaf hafa verið gaman að vinna í sundlauginni. „Það hefur alltaf verið góður starfsandi og ég hef verið mjög heppin með samstarfsfólk,“ segir Ólöf og nefnir einnig að fastagestir séu fjölmargir. „Það koma hópar á föstum tímum og leysa heimsmálin í pottinum,“ segir hún og tekur fram að það hafi verið góð breyting sem var gerð í vetur að opna kl. 6:30 á morgnana í stað kl. 6.45. „Það er mikil ánægja með það og það hefur fjölgað í morgunhópnum eftir þessa breytingu.“

Ólöf segir að stundum hafi hún verið alveg örþreytt eftir góða sumardaga þegar sundlaugin er yfirfull af fólki. „Þegar

það er svona margt fólk þá þarf að hafa augun alls staðar til að fylgjast með og maður er alltaf hræddur um að missa af einhverju,“ segir hún og tekur fram að það hafi ekki verið neinar eftirlitsmyndavélar hér áður og bara tveir á vakt, karlinn úti og konan inni, rétt eins og það er í dag. „Það er eiginlega mesta áskorunin í starfinu að vera bara tvö á vakt á veturna, ekki síst þegar skólasundið er. Það er líka mjög lítið svigrúm til að fara í mat eða bara á snyrtinguna. En á sumrin eru þrír starfsmenn á vaktinni og fleiri um helgar svo það er mun betra.“ Hún kveðst þó hafa verið ofboðslega heppin allan þennan tíma því hún hafi sloppið að mestu við alvarleg atvik.

Sigraðist á vatnshræðslu

Sjálf er Ólöf dugleg að synda og spurð hvort hún hafi alltaf verið það svarar hún því neitandi og hlær. „Ég hugsa að þetta hafi verið svona köllun eða áskorun því ég var svo vatnshrædd sem krakki. Ég grenjaði eins og villingur þegar ég var krakki og systir mín var að fara með mig í sund. Við bjuggum hérna úti í sveit og það var ekki til bíll heima þegar ég var lítil, bara vörubíll. Og við fórum stundum með rútu til Hveragerðis að fá okkur ís og fara í sund. En þegar ég fór að vinna í sundlauginni var ég löngu farin að synda reglulega enda fóru allir krakkar mínir á sundnámskeið og æfðu sund.“

Ólöf er fædd og uppalin á Lambhaga í Ölfusi. Þar hófu foreldrar hennar búskap árið 1952 en þau eru bæði Vestfirðingar. „Þau fengu úthlutað jörð í Ölfusinu frá Landnámi ríkisins þar sem þau fengu enga jörð vestur á fjörðum,“ segir Ólöf en foreldrar hennar voru lengst af með hefðbundinn búskap með kindur, kýr og hænur. Eftir stutta



Ingimar bæjarstjóri kom færandi hendi og gaf Ólöfu gullregn í garðinn í kveðjugjöf frá Hveragerðisbæ og þakkaði henni vel unnin störf síðustu 21 ár.

tilraun í refarækt fóru þau í samstarf við Reykjabúíð í Mosfellsveit, útihús voru innréttuð fyrir kalkúnarækt og er Jón Magnús á Reykjum eigandi Lambhaga í dag og rekur þar kalkúnabú.

Það var því skólarúta sem sótti Ólöfu og hina krakkana í Ölfusið til að sækja skólann í Hveragerði. Spurð hvort hefði getað séð fyrir sér á þeim tíma að hún ætti eftir að verða starfsmaður og svo forstöðumaður sundlaugarinnar svarar hún því hlajandi að það hefði aldrei hvarflað að henni. Vatnshræðslan tók þó að rjástlast af henni þegar hún eignaðist börnin. „Þá var ég ákveðin í því að byrja strax að fara með þau í sund og það reyndist mér líka vel. Ungbarnasund var ekki byrjað á þessum tíma en við fórum og að sjálfsögðu fóru börnin á sundnámskeið í Laugaskarði. Núna syndir Ólöf daglega og fer dálítið í líkamsræktarsalinn í Laugasport.“

Sundlaugarmenningin hefur breyst

Spurð út í framtíð sundlaugarinnar segir Ólöf að það þurfi að markaðssetja svolítið ef það er möguleiki. „Það voru að koma hópar mikið hér áður en það hefur breyst. Það komu rútur

með fullt af útlendingum og skólarnir voru að koma meira í skólaferðalögum. Það kom bara einn skólahópur í vor. Núna kemur fólk meira á eigin vegum og sundlaugarmenningin hefur breyst,“ segir hún. Aðspurð um framtíð sundlaugarinnar segir Ólöf mikilvægt að halda áfram að huga að þróun hennar og uppbyggingu, bæði hvað varðar starfsemi sjálfa og aðstöðuna. Hún nefnir að ávallt sé hægt að skoða leiðir til að efla þjónustu og bæta umhverfið þannig að sundlaugin haldi áfram að þróast í takt við þarfir gesta.

Bara njóta

Ekki stendur á svörum þegar Ólöf er spurð hvað hún ætli að gera núna. „Sinna sjálfri mér, heimilinu og börnunum og ferðast aðeins. Svo tek ég örugglega þátt í félagsstarfi eldri borgara og mæti í kjallarann og svoleiðis. Bara njóta.“ Hún segir ekkert sérstakt á planinu í sumar nema fara á Austfirði og til Ítalíu með Söngsveitinni í haust en Steindór, eiginmaður Ólafar, syngur með Söngsveit Hveragerðis. „Það er bara gaman. Við ætlum til Sardíníu á kóramót og svo förum við að plana eitthvað meira,“ segir Ólöf létt í bragði.

Hveragerðisbær



Vissir þú ..

að við innleiðingu reglugerðar nr. 414/2021 breyttist lögbundinn skoðunarmánuður fornbíla, ferðabíla og -vagna, þ.e.þ. húsbíla, hjólhýsa, fellihýsa, tjaldvagna og bifhjóla í maí

síðasta lagi

31.júlí!

“Ókutæki skal fært til reglubundinnar skoðunar í síðasta lagi fyrir lok annars mánaðar eftir að lögbundnum skoðunarmánuði lýkur”

þú getur séð lögbundinn skoðunarmánuð ókutækja á island.is

AÐALSKOÐUN
Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Rjómabúið sett í gang um helgar

Rjómabúið á Bausstöðum Rer opið um allar helgar í júlí og ágúst. Safnið tekur á móti gestum á laugardögum og sunnudögum kl. 13–18 og býður upp á hnitmiðaða kynningu á starfsemi rjómabúsins, sem var starfrækt á árunum 1905 til 1952. Ef allar aðstæður eru fyrir hendi verða vélar búsins gangsettar. Rjómabúið er eina rjómabú landsins sem hefur varðveist með upprunalegum búnaði og hefur verið opið almenningi sem safn frá 1975. Rjómabúið var friðlýst af enningarráðherra samkvæmt lögum á aldarafmælinu árið 2005. Það stendur við Bausstaðaá, rétt norðan Knarrarósvita, austan Stokkseyrar. Rjómabúið er rekið af Byggðasafni Árneseinga.



Aðalskipulag Hveragerðis eftir kosningar

Meirihluti bæjarstjórnar í Hveragerði féll í sveitarstjórnarkosningum 16. maí sl. Undirritaður hafði í 4 ár varað við mistökum og reynt að fá breytingar á Aðalskipulagi Hveragerðis með mörgum viðtölum, skrifum til skipulagsfulltrúa, starfsnefndar aðalskipulagsins, bæjarstjórnar og bæjarstjóra. Að lokum, þegar allt annað brást, með greinum í Dagskránni, fréttablaði Suðurlands (dfs.is), einkum 31. júlí og 4. sept. 2025 (fleiri greinar til). Bent var á galla þáverandi staðfests Aðalskipulags og hvernig framlagðar breytingar með skýringaruppdráttum gætu bjargað skipulaginu.

Skrifin báru nákvæmlega engan árangur. Skipuleggjendur töldu að það væri ekki hægt að breyta skipulaginu sem er algjör meinvilla. Auðvitað er hægt að breyta aðalskipulagi. Það er einmitt tilgangurinn með aðalskipulagi, að breyta notkun lands og skipulagsþátta, svo sem vega o.fl. Skipulagslögin staðfesta það. Meta þarf og virða hagsmuni þeirra sem verða fyrir breytingum og bæta. Vegagerðin hafði fært þjóðveginn sunnar en hann er í dag og Landsnet ætlaði að grafa háspennurafstrengi í jörð. Samið hafði verið um það. Bæjarlandið var klofið í miðu.

Tillaga undirritaðs var að

flytja þjóðveg og háspennulínur sunnar svo bærinn klofnaði ekki í tvo hluta, til að byggðin þróaðist eðlilega og samfelld. Allar breytingar á nýtingu lands byrja með breytingum í Aðalskipulagi. Bæjarstjórn veit að skipulagsvaldið er í þeirra eigin höndum, hvorki Vegagerðarinnar né Landsnets. Ekkert var því til fyrirstöðu lagalega, að flytja þjóðveg og háspennulínur í nýju Aðalskipulagi eins og hagkvæmast væri fyrir þróun byggðar, þrátt fyrir hugsanlega andstöðu Vegagerðarinnar og Landsnets. Hagsmunir bæjarfélagsins eiga að ráða. Þess vegna hefur bæjarfélagið fengið skipulagsvaldið í hendur. Ef kemur til riftunar gildandi samninga þarf óvilhallur aðili að meta skaðann og bætur greiðast. Oftast næst samkomulag þegar sanngirni er höfð í heiðri. Fyrri meirihluti bæjarfélagsins virðist ekki hafa haft skilning á nauðsyn þess að endursemjja við Vegagerðina og Landsnet. Engar framkvæmdir eru hafnar, aðeins undirbúningur og því ætti samkomulag ekki að vera erfitt ef vilji er til staðar.

Nú eftir kosningar myndaðist nýr meirihluti í bæjarstjórn. Sjálfstæðisflokkurinn (D) og Samfylkingin (S) tóku höndum saman. Báðir þessir flokkar höfðu haft á stefnuskrá sinni að

lagfæra Aðalskipulagið í kosningabaráttu sinni. Því er von til þess að það gangi eftir. Það þarf þó að gerast skjótt því Vegagerðin áætlað að fjármagn fyrir þjóðveginn fáiist 2027(?) þegar nýja brúin yfir Íðfusá verður fullklárað. Vegagerðin og Landsnet þurfa tíma til að breyta hönnun sinni. Fyrri meirihluti er súr yfir því að missa völdin sem hann hefði haldið með samkomulagi við Samfylkinguna (S) en samningar milli þeirra náðust ekki, sennilega vegna Aðalskipulagsins. Sá meirihluti gat ekki samþykkt að lagfæra nýstaðfesta Aðalskipulagið sem hann bar ábyrgð á, og töldu að samningarnir væru óbreytanlegir, jafnvel helgir. Lánleysi (O) og (B) flokkanna í kosningunum 16. maí er örugglega að hluta til vegna frammistöðu þeirra við vinnslu og afgreiðslu Aðalskipulagsins.

Flutningur á þjóðvegi og háspennulínum o.fl. gerir ramma-
skipulagið úrelt, því það byggð-
ist á nýstaðfestu Aðalskipulagi
og að Breiðvangurinn væri
miðbærinn. Það gerir ráð fyrir
miðbæjarstarfsemi og þjónustu
begga vegna Breiðumarkar,
þrengingu Breiðumarkar, grænu
belti og fækkun bílastæða. Þetta
er óskiljanleg skipulagshugs-
un og á móti allri heilbrigðri
skipulagsskynsemi. Hringtorg

og mislæg gatnamót þjóðvegjar munu þrengja að miðbænum og aðkomu í bæinn. Með nýsamykkttu Aðalskipulagi er Hveragerði að búa til svipaðar aðstæður og ríkja við brúarendann og hringtorgið á Selfossi, umferðaröngþveiti sem Árborg hefur lagt kapp á að losna við með nýju brúnni vfir Ölfusá.

Með flutningi á þjóðveginum til suðurs flytst hringtorg þjóðvegur inn í Hveragerði sunnar, og við það skapast möguleikar á uppbyggingu stærri miðbæjar sunnan núverandi þjóðvegai, og þrýstingur á Breiðumörk minnkar. Unnt væri að hafa almenna viðskiptaþjónustu áfram við eystri hlið Breiðumarkar, eins og er í dag, en vesturhliðin væri ætluð fyrir fjölgun nýrra akbrauta, bílastæða og grænu belti, ekki verlanir eða miðbæjarstarfsemi. Bygðin mun tvöfaldast á næstu 25 árum og ferðamönnum fjölga. Umferð inn í bæinn, vestan Varmár, mun tvöfaldast og fara um Breiðumörk. Núverandi rammaskipulag þyngir umferð um Breiðumörk, en með flutningi þjóðvegur og háspennulína eru möguleikar á stóru miðbæjarsvæði sunnan og austan Breiðumarkar, sem léttir á Breiðumörk. Hún er og verður alltaf aðalgata Hveragerðis, enda eina tengingin í bæinn vestan Varmár.

Oddvitar Framsóknar (B) og Okkar Hveragerðis (O) skrifuðu grein í Dagskrána 28. maí sl. Þeir eru súrir yfir því að Samfylkingin (S) hafi ekki fallist á að mynda meirihluta með þeim í stað Sjálfstæðisflokksins. Endurnýjun Aðalskipulagsins virðist hafa verið ágreiningsmálið milli þeirra. Það var varla við því að búast að samkomulag milli þeirra gæti byggst á því, þar sem þessir tveir flokkar báru ábyrgð á nýsamþykktu og afleitu Aðalskipulagi Hveragerðis. Það bendir allt til þess að öll skipulagsvinnan við nýstaðfest Aðalskipulag sé úrelt og ónothæf og að fjármunum til skipulagsvinnunnar hafi verið kastað á glæ.

Stjórn Íþróttafélags Hamars birti 22. apríl 2026 údrátt úr mjög svartri skýrslu um starfsemi félagsins 2025. Þar fékk bæjarstjórn falleinkunn. Hún hreykti sér af „skýri framtíðarsýn“ og „ábyrgum vinnubrögðum“, algjör öfugmæli. Íþróttafélagið hefur verið í sárum allt kjörtímabilið og verður örugglega í nokkur ár til viðbótar. Sú sorgarsaga er enfi í aðra grein.

Róbert Pétursson, Hveragerði



Samsett án
málamiðlana.



ACANA fæst
há okkur



DÝRARÁÍKIÐ

Austurvegur 56, Selfoss



Örlygur Smári og Páll Sveinsson. Mynd: Miðbær Selfoss.

„Selfoss á skilið sína eigin blúshátíð“

Í fyrsta sinn verður haldin Blúshátíð Suðurlands á Selfossi dagana 25. og 26. september, en að baki hátíðarinnar standa þeir Páll Sveinsson, skólastjóri á Selfossi og margreyndur tónlistarmaður, og Örlygur Smári sömuleiðis margreyndur tónlistarmaður og íbúi á Selfossi.

Hvernig kviknaði hugmyndin að Blúshátíð Suðurlands?

„Við höfum lengi talað um að blústónlist ætti að eiga sér sterkari sess á Suðurlandi. Selfoss hefur þróast gríðarlega á síðustu árum og okkur fannst einfaldlega að tíminn væri kominn. Hér er öflugur hópur tónlistarfólks, mikill áhugi á lifandi tónlist og frábær aðstaða til að halda svona hátíð,“ segir Páll.

Örlygur bendir á að uppbyggingin í miðbæ Selfoss hafi skapað kjöraðstæður fyrir tónlistarhátíð af þessu tagi.

„Þegar maður horfir á hvað hefur byggst upp í miðbænum síðustu ár sér maður að allt er til staðar. Gestir geta komið heila helgi, notið tónleikanna, farið út að borða, fengið sér drykk og gíst á svæðinu. Þetta er nákvæmlega sú upplifun sem við viljum bjóða upp á,“ segir Örlygur.

Þeir segja valið á Selfossi hafa legið beint við enda búi þeir báðir á svæðinu og vilji leggja sitt af mörkum til að efla menningarlíf á Suðurlandi.

„Við búum báðir hér og

okkur finnst mikilvægt að skapa viðburði sem styrkja menningarlífið á Suðurlandi. Það þarf ekki alltaf að sækja allt til höfuðborgarinnar. Við eigum einn besta tónleikastað landsins og viljum nýta þann vettvang til fulls.“

Við hverju mega gestir búast?

„Það verður sannkölluð tónlistarveisla. Dagskráin er þéttskipuð frábærum tónlistarmönnum og blúsunnendur fá tækifæri til að njóta fjölbreyttrar tónlistar yfir heila helgi. Við leggjum mikla áherslu á góða stemningu þar sem fólk getur hist, notið tónlistar og átt skemmtilega helgi saman,“ segir Örlygur.

Þeir segja markmiðið skýrt: að byggja upp árlegan tónlistarviðburð sem verði fastur liður í menningarlífi Suðurlands.

„Við vonum að íbúar Suðurlands taki hátíðinni opnum

örum, en jafnframt að fólk af höfuðborgarsvæðinu leggi leið sína á Selfoss. Það tekur ekki langan tíma að keyra hingað og hér biður gestanna einstök helgi með frábærri tónlist, góðum veitingastöðum, verslunum og skemmtilegu mannlífi,“ Páll.

Örlygur og Páll hlakka gríðarlega til að taka á móti gestum. Þetta er fyrsta Blúshátíð Suðurlands og þeir vona að hún verði upphafið að fallegri hefð sem eigi eftir að vaxa með hverju árinu.

Blúshátíð Suðurlands verður haldin á Sviðinu á Selfossi dagana 25. - 26. september. Meðal þeirra sem koma fram eru Kristjana Stefánsdóttir og hljómsveit, Pálmi Gunnars og Blúskompáníð, Blúsband Oskars Loga, Beggi Smári & Bexband, Rót og Beebe and the Bluebirds. Miðasala fer fram á www.svi-did.is.



Gáta vikunnar

Flest ég held við höfum tvo, hlaðið upp með snilli. Lögbrot inni læsir svo, líkin passa á milli.

Svar við gátu í blaði 2860: **HELGI**

1. Laugard. og sunnud., 7. og 1. dagur vikunnar eru **Helgi**
2. **Helgi** magri - 3. Landhelgi - 4. Friðhelgi



Sunnlenski matgæðingurinn



Strangheiðarleg sveppasúpa

Jón Ægir er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Ég þakka Páli kærlega fyrir áskorunina, þó mér finnst það reyndar dálítið ósanngjarnt að þurfa að fylgja honum eftir sem matgæðingur vikunnar. Þeir sem komast í matarboð hjá Palla verða enda seint sviknir.

Eitt hef ég þó lagt töluverða áherslu á að ná góðum tókum á í eldhúsinu og það er gamla góða sveppasúpan. Hún hentar einstaklega vel sem forréttur en getur einnig staðið ein og sér sem létt máltíð. Miðað við veðráttuna hér á Suðurlandi undanfarið er fátt betra en heit og bragðgóð súpa eftir blautan og kaldan dag.

Sveppasúpa

2 vænar matskeiðar smjör
1 askja hvítir sveppir
1 askja kastaníusveppir
Að sjálfsgöðu Flúðasveppir
2–3 hvítlauksgreinar, pressaðir
½ dl steinselja, smátt söxuð
Smásletta af koniaki, um
hálfur tappi
500 ml rjómi
500 ml vatn
1 kjúklíngakraftsteningur
1 sveppakraftsteningur
½ askja rjómaostur
Salt og pipar eftir smekk

Bræðið smjórið í rúmgóðum potti. Skerið sveppina niður og steikið þá ásamt hvítlauknum þar til sveppirnir eru orðnir vel mjúkir. Kryddið með salti og pipar.

Ég ætla að skora á litla bróður minn og snilldarkokkinn Rúnar Helga Sigmarsson að vera næsti matgæðingur vikunnar. Hann er natinn í eldhúsinu og lumar eflaust á einhverju góðgæti.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

LJÓÐ VIKUNNAR

PLÓMUTRÉÐ

Það eru jasmínur í öllum görðunum. Ég man eftir plómutrénu sem blómstraði hvert vindasamt, hjart vor. Plómutréð skýldi fuglunum undir mildum laufskermi þar sem við lékum okkur börn. Jasmínurnar eru hér enn. Plómutréð er horfið, það visnaði fyrir mörgum, mörgum árum. En það lifir enn í minninu sem hýsir það sem er hér ekki lengur.

Antonio Las Heras, Argentínu
Þór Stefánsson þýddi eftir
enskrri þýðingu Germaines Droogenbroodt



Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bládamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Prentun:
Prentmet Oddi
ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmíða

Suðurland í sókn en Vegagerðin sker niður landsbyggðarstrætó

Fyrirhugaðar breytingar og þjónustuskerðingar Vega-gerðarinnar á leiðakerfi landsbyggðastrætó, sem taka gildi núna í haust, valda stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og íbúum öllum á Suðurlandi þungum áhyggjum. Rekstrarskerðingarnar hitta vaxandi svæði beint fyrir og bera vott um alvarlegt ósamræmi á milli yfirlýstra markmiða stjórnvalda og raunverulegra fjárveitinga. Á sama tíma og nýsamþykkt samgönguáætlun kveður á um að efla eigi almenningssamgöngur til að bæta þjónustu, er Vegagerðinni gert að mæta 660 milljóna króna vanfjármögnun með því að skera niður í almenningssamgöngum, sem eru forsenda atvinnuþátttöku, náms og þjónustusóknar fyrir fjölmarga íbúa landsbyggðarinnar.

Skerðingar á vaxandi svæði þvert á hagsmunum íbúa
Niðurskurðurinn bitnar þungt á Sunnlendingum. Suðurland hefur verið í fararbroddi meðal landshluta þegar kemur að íbúafjölgun og uppbyggingu undanfarin ár með tilheyrandi áskorunum, m.a. í samgöngum. Breytingarnar fela í sér að ferðum á leið 51 á milli Selfoss og Reykjavíkur fækkar úr sextán niður í fjórtán á dag, þrátt fyrir að samkvæmt tölfræði Vega-gerðarinnar sé þetta langfjölfarnasta leið kerfisins á Suðurlandi með yfir 57 þúsund farþega á ári. Þá fækkar ferðum á leið 71 á milli Þorlákshafnar og Hveragerðis úr fimm niður í fjórar, þrátt fyrir að rúmur fimmtungur íbúa á þessum slóðum sækir vinnu og þjónustu yfir á höfuðborgarsvæðið eða á Selfoss.

Mest bitnar þessi niðurskurður þó á Uppsveitum Árnessýslu þar sem leið 73 á milli Selfoss og Reykholts leggst hreinlega af. Sveitarstjórnir í Uppsveitum Árnessýslu hafa þegar mótmælt þessum áformum kröftuglega og undrast stórum ákvörðunartöku þar sem ekkert samráð var haft við sveitarfélögin. Aksturinn á þessari leið kom á sínum tíma í stað skólaaksturs fyrir nemendur við Fjölbautaskóla Suðurlands (FSU) og er með

öllu óásættanlegt að fella hann niður. Aðgengi að almenningssamgöngum á að jafna stöðu íbúa óháð aldri og efnahag en með niðurfellingunni skerðast möguleikar ungmenna í Uppsveitum til að stunda nám heimán frá sér og taka virkan þátt í félagslífi, íþróttum og öðru tómstundastarfi. Þá má geta þess að í síðustu breytingum á svæðinu var stoppistöðin við gatnamót Þjórsárdalsvegur og Skeiðavegar felld út, sem var eina tenging íbúa í Árnesi við kerfið, og með niðurfellingu leiðar 73 standa Uppsveitir Árnessýslu því eftir nánast án almenningssamgangna, sem er með öllu óboðlegt.

Grafa undan framsæknum fyrirtækjum og orkuskiptum
Þessi skammsýni bitnar ekki aðeins á skólafólki og almennum íbúum, heldur refsar hún einnig framsæknum sunnlenskum fyrirtækjum sem hafa sýnt mikið frumkvæði og fjárfest ómælt í vistvænum lausnum. Fyrirtækið Guðmundur Tyrfingsson (GTS) á Selfossi er skýrt dæmi um aðila sem svaraði kalli stjórnvalda um orkuskipti með því að byggja upp öfluga hleðsluinnviði og rafvæða bifreiðafloata sinn sérstaklega í tengslum við þjónustuhlutverk sitt í almenningssamgöngum á Suðurlandi. Þessir frumkvöðlar standa nú frammi fyrir rýrari samningum í haust vegna niðurskurðar Vega-gerðarinnar. Ef við viljum raunverulegan árangur í umhverfismálum og umferðaröryggi á fjölsóttum ferðamannasvæðum verðum við að sýna úthald, skapa stöðugleika og tryggja að fjármálaáætlun, samgönguáætlun og framkvæmdaraðilar vinni í takti til langs tíma.

Ný könnun sýnir mikla eftirspurn íbúa eftir strætó
Ný fýsileikakönnun SASS og Háskólafélags Suðurlands frá vorinu 2026 sýnir svart á hvítu að brýn þörf er á öflugra samgöngukerfi og samnýtingu aksturs í Árnessýslu. Þar sýna niðurstöður að þótt 91% svarenda hafi daglegan aðgang að einkabíl, þá myndu heil 58,2%

Anton Kári Halldórsson
formaður stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga



íbúa nýta almenningssamgöngur vikulega eða oftar ef tíma- setningar og tengingar mættu raunverulegum ferðaþörfum þeirra. Stærsta þjónustugatið og mesta eftirspurnin er síðdegis á milli klukkan 15:00 og 18:00, þar sem 41,4% svarenda bentu á að ferðir vantaði sárlega þegar skóla- og vinnudegi lýkur. Í Flóahreppi, sem stendur utan hefðbundins strætókerfis, sögðust yfir 60% heimila tilbúin að nýta sér sérstakan frístundaakstur fyrir börn og ungmenni. Þessi hrópanði eftirspurn sýnir svart á hvítu að vandinn liggur ekki í áhugaleysi íbúa, heldur í skorti á hentugum ferðum á þeim tímum þar sem þörfin er mest.

Tækifæri til að bregðast við í september
Íbúar og atvinnulíf á landsbyggðinni eiga ekki að þurfa að búa við skerta þjónustu og ófyrirsjáanleika á sama tíma og framlög til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu hækka í samgönguáætlun. Það virðist vera að stjórnvöld líti á almenningssamgöngur á landsbyggðinni sem lúxus en ekki nauðsynlega innviði sem héldi samfélögum svæðisins gangandi. Það tekur langan tíma að byggja upp traust og vana hjá farþegum en það tekur örsamma stund að glata þeim árangri með sífelldum skerðingum. Ríkisstjórnin fær tækifæri til að leiðrétta þessa vanfjármögnun og sýna yfirlýstum markmiðum sínum stuðning í verki þegar fjárlagafrumvarp næsta árs verður lagt fram í september næstkomandi. Stjórn SASS skorar á stjórnvöld að nýta það tækifæri vel og tryggja íbúum og þeim fjölmörgu ferðamönnum á Suðurlandi öruggar og fjármagnaðar almenningssamgöngur.

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst niðurstaða Bæjarráðs Árborgar vegna eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar.

Jórvík 1 - Deiliskipulagsbreyting

Tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Jórvíkur á Selfossi var samþykkt eftir kynningar og auglýsingarferli í bæjarráði þann 9. júlí 2026. Í breytingunni felst fjölgun og minnkun íbúða á fjórum fjölbýlishúsalóðum F2. Samkvæmt núverandi tillögu er gert ráð fyrir 36 íbúðum á þessum fjórum lóðum en þær verða 58 að breytingu lokinni. Jafnframt er innan tillögunnar tekið til stækkunar byggingarreita á lóðum Fossvík 1, 3 og 5, fækkun gesta bílastæða úr einu á hverjar fjórar íbúðir í einu á hverjar 5 íbúðir í takt við minnkun íbúða, auk þess sem skilgreining vegna hámarkshæðar byggingar er skilgreind með ítarlegri hætti þar sem hámarks vegghæð er felld út úr skipulaginu án þess þó að auka við heimildir um hámarks hæð bygginga. Innan tillögunnar eru samhliða settir fram skilmálar er varðar fjölbreyttar íbúðarstærðir innan svæðisins.

Við kynningu og auglýsingu tillögunnar bárust töluverðar athugasemdir frá íbúum innan hverfisins, tók tillagan nokkrum breytingum í kynningarferlinu þar sem var hætt við hækkan hámarkshæða húsa úr 8 m í 10 m, íbúðum var fækkað úr 68 í 58 og hætt var við niðurfellingu gesta- stæða. Uppfærð tillaga var lögð fram við afgreiðslu málsins ásamt samantekt athugasemda og viðbragða á fundi skipulagsnefndar þann 8. júlí 2026 og á fundi Bæjarráðs Árborgar 9. júlí 2026 þar sem samþykkt var að breytingar- tillagan skyldi taka gildi með birtingu í B-deild stjórnar- tíðinda.

Það tilkynnist hér með.

Samkvæmt 2.mgr. 36. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar: Selfosslína 1 - Breyting á legu jarðstrengs - Aðal- skipulagsbreyting

Tillaga óverulegrar breytingar á aðalskipulagi er varðar breytta legu Selfosslínu 1 í Hellisskógi. Jarðstrengur fyrir Selfosslínu 1 í Hellisskógi er færður til vesturs auk smávægilegrar tilfærslu við sveitarfélagamörk Flóahrepps. Breytingin er norðan þéttbýlismarka Árborgar. Í gildandi skipulagi er lega hans skilgreind nærri bakka Ölfusár. Í breyttu skipulagi er skilgreind strengleið færð ofar í landið, í vesturmörk skilgreinds skógræktarsvæðis, Hellislands (L162991) og skógrækt þar er skemmra á veg komin. Strengur verður tengdur við mastur 99, loftlínu sem liggur til norðurs að Íra- og Ljósafossvirkjunum.

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi

Fríða listamaður mánaðarins – vinir og vandamenn

Listamaður júlí mánaðar í Gallery Listaseli er Fríða Rögnvaldsdóttir og sýnir hún verk unnin með múrblöndu á striga. Viðfangsefni hennar er um fólk í kærleik, ást, og vináttu. Hún hefur haldið margar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum bæði hérlandis og víða erlendis.



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brosiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 - Sporafundur - Konur

Er barnið þitt öruggt í umferðinni?

Fræðslu- og samtalskvöld um rafknúin ökutæki var nýverið haldið í félagsmiðstöðinni Zel-síuz þar sem foreldrum, börnum og ungmennum var boðið að koma saman til samtals um öryggi, ábyrgð og þær reglur sem gilda um notkun slíkra tækja.

Undanfarið hefur notkun barna og ungmenna á rafknúnum ökutækjum aukist verulega og tækin orðið fjölbreyttari, meðal annars rafmagnshlaupahjól, létt bifhjól, krossarar og fjórhjól. Samhliða þessari þróun hafa áhyggjur aukist, bæði vegna aksturs án tilskilinnar rétt-

inda og vegna slysa sem þegar hafa orðið.

Samráðshópur um rafknúin ökutæki

Í vor var sett á fót sérstakt samstarfsverkefni og samráðshópur um notkun barna og ungmenna á rafknúnum ökutækjum. Hópurinn er skipaður fulltrúum frá lögreglu, barnavernd og frístundabjónustu Árborgar og vinnur að því að efla öryggi barna og ungmenna með fræðslu, snemmtækri íhlutun og samræmdum viðbrögðum.

Verkefnið byggir á þeirri megináherslu að nálgast mál-efnið fyrst og fremst út frá forvörnum, fræðslu og samtali við fjölskyldur með það að markmiði að draga úr áhættuþegðun og koma í veg fyrir slys áður en alvarleg atviki eiga sér stað.

Á fundinum var farið yfir helstu lög og reglur sem gilda um þessi ökutæki, meðal ann-

ars aldurstakmörk, ökuréttindi, hjálmaskyldu og hvar heimilt er að aka. Einnig var rætt um mikilvægi samtals milli foreldra og barna og sameiginlega ábyrgð samfélagsins þegar kemur að öryggi barna í umferðinni.

Við þökkum öllum sem mættu og tóku þátt í góðum og uppbyggilegum umræðum.

Foreldrar og forsjáraðilar eru hvattir til að kynna sér vel þær

reglur sem gilda um rafknúin ökutæki, meðal annars hjá Samgöngustofu, Lögreglunni og í umferðarlögum. Mikilvægt er einnig að kynna sér vel hvaða tæki börn og ungmenni eru að nota, hvaða hraða þau ná og hvort þau krefjast aldurs eða ökuréttinda.

Öryggi barna í umferðinni er sameiginlegt ábyrgðarverkefni okkar allra.



Anna Rut Tryggvadóttir, teymisstjóri barnaverndar í Árborg, Hilmar Sigurjónsson, varðstjóri og samfélagslögga á Suðurlandi, Elly Tómasdóttir, verkenastjóri frístundabjónustu, Gisli Frank Olgeirsson, ráðgjafi barnaverndar í Árborg. Mynd: Aðsend.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Allt fyrir
sumarhúsið
og garðinn

Palla og skjólgirðingar

Viðbyggingar og
breytingarnar

Viðhald og endurbætur

Lýsingar og raflagnir

Jens sími: 778-7171

lögildur húsasmíða og
rafvirkja meistari
jgrettisson@gmail.com



RAFVÉLATEKNI

LÖGGILTUR RAFVEIKTARI

Vantar þig rafvirkja?

Athliða rafveiktaka
Sérfræðispekkning í stjórnskrifum,
mótorstýringum og vélafengdum lausnum

HAFTU SAMBAND
419-8700 | rvt@rvt.is
www.rvt.is

Tónar tveggja alda í Strandarkirkju

Tónar tveggja alda“ er yfirskrift næstu tónleika Tónlistarhátíðarinnar Englar og menn í Strandarkirkju. Tónleikarnir fara fram sunnudaginn 19. júlí kl. 14.

KIRKJUR

Aðventistar

Guðsþjónusta augardaginn 18. júlí kl. 10:00. Jón Hjörleifur leiðir biblíurannsókn og predikar. Barna- og unglingastarfi á sama tíma. Safnaðarheimili Sjöundadags Aðventista Eyravegi 67, Selfossi. Allir hjartanlega velkomnir.

Skálholtsdómkirkja

18. júlí (laugardagur)
Útímessi við Þorlákssæti og setning Skálholtshátíðar kl 11. Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir fv. vígslubiskup þjónar og tónar, ásamt sr. Kristínu Þórunni Tómasdóttur sóknarpresti Skálholtsprestakalls. Safnast er saman við dyr Skálholtsdómkirkju og gengið til þjónustunnar þaðan.

Tíðagjörð Ísleifsreglunnar kl 18 í Skálholtsdómkirkju. Ísleifsreglan sem er félag áhugamanna um klassískan kirkjusöng, er kennd við Ísleif Gissurarson, fyrsta biskup Íslands sem vígðist til Skálholts árið 1056 og stofnaði m.a. skóla á staðnum.

19. júlí
Tíðagjörð Ísleifsreglunnar kl 9.

Hátíðarmessa á Skálholtshátíð kl 14. Biskup Íslands, sr. Guðrún Karls Helgudóttir predikar. Prestar, djáknar, biskupar og leikmenn þjóna fyrir altari. Skálholtskórinn syngur undir stjórn Jóns Bjarnasonar dómorganista.

Tíðagjörð Ísleifsreglunnar kl 18.

Sjá alla dagskrá Skálholtshátíðar á skalholt.is

Á tónleikunum koma fram stórsöngvararnir Dísella Lárusdóttir sópran og Kolbeinn Jón Ketilsson tenór ásamt Matthildi Önnu Gísladóttur píanóleikara. Þau flytja fjölbreytta og spennandi dagskrá úr heimi tónbókmenntanna.

Dísella Lárusdóttir hefur komið víða við í tónleikahaldi og plötuútgáfu en er einkum þekkt fyrir störf sín sem óperusöngkona. Hún hefur meðal annars sungið við Metropolitan-óperuna í New York. Árið 2022 hlaut hún Grammy-verðlaun fyrir bestu óperuuppptökuna og varð þar með annar Íslendingurinn til að vinna til verðlaunanna.

Kolbeinn Jón Ketilsson hefur sungið mörg af stærstu tenórhlutverkum óperubókmenntanna. Hann hefur komið fram í óperuhúsum á Norðurlöndunum, í Norður-Ameríku og víða um Evrópu. Þá kemur hann reglulega fram sem ljóða-

söngvari og einsöngvari í hljómsveitarverkum.

Matthildur Anna Gísladóttir nam við Listaháskóla Íslands og Royal Academy of Music í London, þar sem hún lauk meistaranámi í meðleik árið 2009. Árið 2014 lauk hún meistaranámi í óperuþjálfun frá Royal Conservatoire of Scotland. Þar var hún á fullum námsstyrk og hlaut James H. Geddes Repetiteur-verðlaunin. Matthildur hefur komið fram á fjölmörgum tónleikum hér heima og erlendis auk þess að taka þátt í fjölda óperuuppsetninga. Hún starfar nú við tónlistardeild Listaháskóla Íslands.

Miðasala verður við innganginn.

Tónlistarhátíðin Englar og menn stendur yfir í Strandarkirkju í júlí. Nánari upplýsingar um hátíðina og dagskrá hennar má finna á Facebook-síðu Engla og manna.



Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is

Magdalena og Albert klúbbmeistarar Golfklúbbsins Flúða

GOLF Meistaramót Golfklúbbsins Flúða fór fram um síðustu helgi við frábærar undirtektir. Alls tóku 46 kylfingar þátt í mótinu og var mikil stemning meðal keppenda bæði innan vallar sem utan. Að lokinni spennandi keppni stóðu Magdalena Þórisdóttir og Albert Einarsson uppi sem klúbbmeistarar, Magdalena í kvennaflokki og Albert í karlaflokki.

Fyrri keppnisdaginn lék veðrið við þátttakendur og bauð upp á kjöraðstæður til golfiðkunar. Keppnin var jöfn og spennandi og ljóst að hart yrði barist um efstu sætin á lokadeginum. Vel var hugsað um kylfingana á meðan á leik stóð. Boðið var upp á rúgbrauð með smjöri og kæfu áður en haldið var af stað, kaffi og kökur eftir níundu holu, sveppasúpu við 14. teig og veitingar frá Sweet & Smooth við 18. holu.

Veðrið var öllu lakara á seinni keppnisdeginum en það virtist ekki draga úr gleði þátttakenda. Að leik loknum var efnt til glæsilegs lokahófs þar



sem úrslit mótisins voru kynnt og verðlaun afhent.

Geir Ólafsson sá um ljúfa tóna undir borðhaldi og boðið var upp á veglega máltíð. Þá skemmtu Siggí vallarstarfsmaður og Kata í Kaffi-Sel gest-

um með söngatriði og leikarinn Arnar Jónsson, sem jafnframt er félagsmaður í klúbbum, steig á stökk.

Almenn ánægja var með mótið, umgjörð þess og skipulagningu.



Á myndinni eru frá vinstri Magnús Bergsson á Chevrolet Vega, Ingimar Baldvinsson á Dodge Challenger SRT, Örn Ingimarsson á Chevrolet Camaro, Arnkell Ragnar Ragnarsson á Plymouth Barracuda og Haukur Baldvinsson á Toyota Supra. Mynd. Aðsend.

Þrír Selfyssingar á verðlaunapalli í kvartmílu

AKSTURSÍÞRÓTTIR Selfyssingar hafa um árabil verið áberandi og sigursælir í íslenskum akstursíþróttum. Fimm keppendur frá Selfossi tóku þátt í fyrstu umferð Íslandsmótisins í kvartmílu sem fram fór 28. júní og náðu þrír þeirra verðlaunasæti.

Haukur Baldvinsson varð í öðru sæti í K/C-flokki, þar sem kennitíminn er 9,90 sekúndur. Ingimar Baldvinsson hafnaði í öðru sæti í K/D-flokki, þar sem kennitíminn er 10,90 sekúndur,

og Arnkell Ragnar Ragnarsson varð þriðji í K/F-flokki, þar sem kennitíminn er 12,90 sekúndur.

Kennitími er sá lágmarks-tími sem keppandi má nota til að aka kvartmíluna, sem er 402,33 metrar. Aki keppandi hraðar en kennitíminn segir til um tapar hann viðureigninni og ætti jafnframt að færa sig upp í hraðari flokk. Hraðinn þegar komið er í mark er gjarnan yfir 200 kílómetrar á klukkustund og getur orðið talsvert meiri.

Næstu keppnir Íslandsmótisins í kvartmílu fara fram 8. ágúst og 5. september. Þar á milli verða einnig haldnar keppnir í áttungsmílu. Áhuga-fólk um mótorsport getur kynnt sér keppnisdagatal íslenskra akstursíþróttar á vef Akstursíþróttasambands Íslands. Þar má sjá hversu lífleg og fjölbreytt flóra íslenskra akstursíþróttar er um þessar mundir.



Góður árangur hjá keppendum UMFS á Akranesi

MOTOCROSS Önnur umferð Íslandsmótisins í motocross fór fram á Akranesi laugardaginn 27. júní. Rúmlega 70 keppendur tóku þátt í mótinu sem haldið var á vegum VÍFA.

Keppendur UMFS náðu góðum árangri og komust á verðlaunapall í fjórum flokkum. Eric Máni bar sigur

úr bítum í MX2-flokki, Alexander Adam hafnaði í þriðja sæti í MX1-flokki, Ásta Petrea varð í öðru sæti í kvennaflokki og Sindri Steinn náði öðru sæti í Hobby-flokki.

Þriðja umferð Íslandsmótisins fer fram á Höfn í Hornafirði þann 18. júlí næstkomandi. **UMFS**

Valdís Una er íþróttamaður ársins 2025 í Hrunamannahreppi

Valdís Una Guðmannsdóttir var útnefnd íþróttamaður ársins 2025 í Hrunamannahreppi við hátíðardagskrá sveitarfélagsins á þjóðhátíðardaginn, 17. júní. Elísabet Finnbjörnsdóttir, formaður lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps, afhenti viðurkenninguna.

Tvær tilnefningar bárust að þessu sinni en auk Valdísar Unu var Emma Rún Sigurðardóttir tilnefnd fyrir góðan árangur í hestaíþróttum.

Valdís Una var valin körfuknattleikskona Selfoss fyrir árið 2025 en uppeldisfélag hennar er UMF Hrunamanna. Hún lék upp yngri flokka félagsins áður en hún gekk til liðs við meistaraflokk Hamars/Þórs, þar sem hún lék á árunum 2021 og 2022.

Valdís lék með sameiginlegum liðum félaganna á árunum 2023 til 2025 en var í fyrra ein þeirra sem komu að stofnun nýs meistaraflokksliðs kvenna hjá Selfossi. Hún leikur nú með liðinu í 1. deild kvenna og hefur verið einn af lykilleikmönnum þess.

Valdís Una hefur jafnframt verið hluti af yngri landsliðum Íslands undanfarin ár og keppti meðal annars á Evrópumóti U16 ára landsliða í Finnlandi árið 2021. Þá hefur hún látið að sér kveða sem þjálfari yngri iðkenda og þykir góð fyrirmynd, jafnt innan vallar sem utan.

Emma Rún Sigurðardóttir var tilnefnd fyrir góðan árangur í hestaíþróttum á keppnisárinu 2025. Í umsögn nefndarinnar kemur fram að Emma hafi sýnt mikinn metnað, vinnusemi og vilja til að ná árangri.

Samkvæmt niðurstöðum úr Sportfeng náði hún fjölmörgum góðum keppnisárangri á árinu og komst alls ellefu sinnum í A-úrslit. Emma þykir nalgast æfingar og keppni af ábyrgð og alúð og er sögð góð fyrirmynd fyrir aðra unga knapa, bæði innan og utan keppnisvallar.

Hrunamannahreppur óskar Valdísi Unu og Emmu Rún innilega til hamingju með árangurinn og velfarnaðar á komandi árum.



Emma Rún og Valdís Una, Íþróttamaður ársins 2025.

BRAG AF VINÁTTU!



Fæst hjá
BYKO Selfossi

Ökukennsla

Sniðið að þörfum hvers og eins.
Kennsla á íslensku eða ensku.



Hafðu samband í **897 4693**
Bókaðu á **UTIADAKA.IS**
„Með þér alla leið“

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

800 LAGNIR

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Far sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · **pulsinn@pulsinn.com**

GB Hús
NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLSMÍÐI

**ÖLL ALMENN
SMÍÐAVINNA**

Löggiltir húsasmíðameistarar

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUS@GBHUS.IS

**FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL**

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR
Fagmennska · Gandi · Áreiðanleiki

LAGNALAND

**ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR**

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

prentmet
heildarlausnir í prentun

Umbúðir Almenn prentun Bækur

Límmiðar Stimplar

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is

**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ **www.trs.is**

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

**LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

S: 692-2575
800 SMÍÐI

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 **lagniroglausnir.is**

**Stíflupjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
**20 ÁRA
REYNSLA**

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.**

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

**DÆLUBÍLAPJÓNUSTA
OG STÍFLULOSANIR**

510 1180 - 669 8441

Hellismýri 14 800 Selfoss **stiflulosun.is**

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is